


Kortlagning á úthlaupslengd berghlaupa í Almenningum

Þorsteinn Sæmundsson¹, Halldór Geirsson¹ & G. Orri Gröndal²

¹Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, ²Vegagerðin



Niðurstöður fjölgeisla mælinga á úthlaupslengd berghlaupa í Almenningum, sem framkvæmdar voru sumarið 2025.

- Allt frá því að Siglufrjáðarvegur var lagður árið 1968 hafa siglhreyfingar á vegstæði hans í Almenningum valdið vandræðum og oft orsakað hættulegar aðstæður fyrir vegfarendur.
- Sigsvæðið Siglufrjáðarvegur um Almenninga nær yfir um 5-6 km langan kafla frá Hraunum í suðri, norður að Almenningssnöf.
- Þrjú stór berghlaup hafa verið kortlögð á svæðinu: Hraunaberghlaupið (syðst), Þúfnavallaberghlaupið og Tjarnardalaberghlaupið (nyrst).
- Sameiginlegt með öllum þessum berghlaupum er að töluverð hreyfing er á efnismössum þeirra í dag, bæði við vegstæðið og eins utan þess.
- Á undanförunum tveimur áratugum hafa farið fram rannsóknir á orsökum og eðli þessara hreyfinga og árið 2022 voru settar upp níu síritandi GNSS stöðvar til að mæla hreyfingu á og við vegstæðið í rauntíma auk annarra rannsókna, einnig var úrkomumælir settur upp.
- Óvíst hefur verið hingað til um efnismagn berghlaupanna og úthlaupslengd þeirra.
- Sumarið 2025 voru framkvæmdar fjölgeisla mælingar á strandsvæðinu utan við berghlaupin með Geisla, báti Vegagerðarinnar.
- Niðurstöður benda til að frambrún Hraunaberghlaupsins nær allt að 2,3 km út fyrir núverandi strönd, 1,4 km í Þúfnavallaberghlaupinu og 1,5 km við Tjarnardalaberghlaupið.
- Ljóst er á þessum mælingum að töluvert sjávarrof hefur orðið á berghlaupunum, líkt og er að eiga sér stað við núverandi strönd, enda um háorkuströnd að ræða.

